Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS26080087

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fækkun stöðugilda á velferðar- og skóla- og frístundasviði

Á fundi borgarráðs þann 3. september 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

> *Á fundi borgarráðs 3 september var lagt fram yfirlit yfir fækkun stöðugilda á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Í framhaldi af því svari er óskað er eftir eftirfarandi upplýsingum: A. Hversu margir af þeim 23 sem voru boðin ný störf þáðu boðið? B. Hafa einhverjir sagt upp störfum á velferðarsviði, skóla- og frístundasviði eða í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum eða félagsmiðstöðvum í kjölfar stjórnkerfisbreytinganna? Ef svo er hversu margir og hvaða starfstitlar báru þau? C. Hefur einhverjum umfram þeim 23 sem tilgreint var í tillögunni fengið boð um starf, eða beðið um að vinna tímabundið? D. Hversu mörgum var boðið upp á að vinna upp uppsagnarfrestinn, að undanskildum þeim sem starfa í Alþjóðateymi?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. september sl.

Svar við fyrirspurn:

A. Hversu margir af þeim 23 sem voru boðin ný störf þáðu boðið?

Rétt er að árétta að það voru 32 starfsmenn sem fengu boð um nýtt starf samhliða uppsögn en ekki 23 eins og fram kemur í fyrirspurninni. Á velferðarsviði fengu 21 einstaklingur uppsögn og jafnframt boð um nýtt starf. Af þeim þáðu 18 boðið. Á skóla- og frístundasviði fengu 11 einstaklingar boð um nýtt starf og 10 þeirra þáðu boðið.
Samtals þáðu því 28 af þeim 32 einstaklingum sem boðið var nýtt starf boðið.

B. Hafa einhverjir sagt upp störfum á velferðarsviði, skóla- og frístundasviði eða í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum eða félagsmiðstöðvum í kjölfar stjórnkerfisbreytinganna? Ef svo er hversu margir og hvaða starfstitlar báru þau?

Reykjavík

Á skrifstofu velferðarsviðs, skrifstofu barna- og fjölskyldumála og skrifstofu félags- og húsnæðismála hafa níu starfsmenn sagt upp störfum frá 25. ágúst sl. Um er að ræða einn fjármálasérfræðing, einn ráðgjafa í farteymi, fimm sálfræðinga og tvo félagsráðgjafa. Upplýsingar um uppsagnir starfsfólks á starfsstöðvum velferðarsviðs, meðal annars í búsetukjörnum, þjónustuíbúðum, félagsstarfi, hjúkrunarheimilum og barnavernd, eru ekki skráðar miðlægt. Ekki er því unnt að veita heildstæðar upplýsingar um uppsagnir starfsfólks á þeim starfsstöðvum.
Upplýsingar um fjölda uppsagna starfsfólks út á starfsstöðvum skóla og frístundasviðs eru ekki skráðar miðlægt, þ.e. uppsagna starfsfólks í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum eða félagsmiðstöðvum. Skrifstofa skóla og frístundasviðs hefur því ekki umbeðnar upplýsingar nema fyrir miðlæga skrifstofu sviðsins. Vitað er um einn á miðlægri skrifstofu þar sem fram kom að ástæða uppsagnar væri vegna stjórnkerfisbreytinganna. Viðkomandi var í starfsheitinu kennsluráðgjafi

C. Hefur einhverjum umfram þeim 23 sem tilgreint var í tillögunni fengið boð um starf, eða beðið um að vinna tímabundið?

Eins og lýst er að framan fengu 32 starfsmenn boð um nýtt starf samhliða uppsögn, ekki 23. Tveimur fjármálasérfræðingum var boðið starf á skrifstofu fjármála og rekstrar á velferðarsviði vegna uppsagna og fæðingarorlofs annarra starfsmanna á skrifstofunni.
Einnig var einum fjármálastjóra frístundamiðstöðvar boðið starf fjármálasérfræðings í fjármála- og rekstrarþjónustu skóla og frístundasviðs.

D. Hversu mörgum var boðið upp á að vinna upp uppsagnarfrestinn, að undanskildum þeim sem starfa í Alþjóðateymi?

Að undanskildu starfsfólki í Alþjóðateymi sem var gert að inna af hendi vinnuframlag á uppsagnarfresti var orðið við ósk eins starfsmanns á velferðarsviði um að vinna út uppsagnarfrest sinn.
Á skóla- og frístundasviði var ekki óskað eftir vinnuframlagi á uppsagnarfresti.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík